

að innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. nóvember 1938.

Nr. 116/1936. **Ísleifur Jónsson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

**Guðmundi Vigfússyni og Kjartani
Ólafssyni** (Stefán Jóh. Stefánsson).

Verktaka dæmdar greiðslur fyrir aukaframlög.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1936, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum in solidum kr. 562.95 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1934 til greiðsludags og málskostnaði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en *til vara* kr. 425.30 með vöxtum og málskostnaði eins og fyrr segir.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Árið 1929 tókust stefndu á hendur að reisa barnaskólahús á Brúarlandi í Mosfellssveit samkvæmt útboðslýsingu dagsettri 26. febrúar það ár. Í útboðslýsingunni er meðal annars tekið fram, að stefndu beri að leggja til miðstöðvarhitunartæki í húsið, þar á meðal 200 lítra hitavatnsgeymi, og hreinlætistæki, meðal annars baðker, 2 þvottaskálar og vatnssalerni. Þá bar þeim einnig að leggja til vatns- og skolpleiðslupípur í húsið.

Áfrýjandi tók síðan að sér með tilboði til stefndra

19. ágúst 1929, er þeir samþykktu, að leggja miðstöðvarlögnina í skólann samkvæmt teikningu og vinnulýsingu dags. 13. s. m. Er þess hvorki getið í vinnulýsingu þessari né í uppdrætti né heldur í tilboðinu, að áfrýjanda beri að leggja til hitavatnsgeymi. Ennfremur tók áfrýjandi að sér að leggja til og setja niður ofangreind hreinlætistæki, að vatnssalerninu undanskildu, sem ekki er minnzt á í tilboði hans. Vatnslása og vatnspípur skyldi áfrýjandi leggja til, en ráð er gert fyrir því í tilboðinu, að skolpleiðslur verði að mestu komnar. Stefndu skyldu annast á sinn kostnað flutning á mönnum áfrýjanda og efni frá Reykjavík og upp að Brúarlandi og þaðan aftur til Reykjavíkur. Fyrir verk sitt og framlagt efni samkvæmt tilboðinu skyldi áfrýjandi fá kr. 4575.00.

Nú er það upplýst í málinu, að áfrýjandi lagði til og setti í húsið vatnssalerni og hitavatnsgeymi, auk þess, að verk hans og efnisframlög, að því er skolpleiðslurnar snertir, virðast hafa orðið meiri en ráð er fyrir gert í tilboði hans. Nema aukareikningar áfrýjanda vegna þessara aukaframlaga, svo og vegna kostnaðar hans við flutning á mönnum og efni til Brúarlands og þaðan til Reykjavíkur, samtals kr. 487.95. Að viðbætti umsaminni verkkaupsfjárhæð, kr. 4575.00, verður heildarupphæð sú, er áfrýjandi reiknar sér fyrir vinnu og efni, kr. 5062.95. Kveður hann stefndu hafa greitt sér kr. 4500.00, og séu þá eftir ógreiddar kr. 562.95, en aðalkrafa hans er, að honum verði dæmd sú fjárhæð.

Eins og að framan greinir, er það víst, að stefndu hefir borið samkvæmt útboðslýsingunni frá 26. febrúar 1929 að leggja til vatnssalernið, hitavatnsgeyminn og önnur þau aukaframlög og aukaverk,

er áfrýjandi innti af hendi og krefst nú að fá greidd. Og ekki er af hálfu stefndu beinlínis mótmælt og því síður hnekkt þeirri staðhæfingu áfrýjanda hér fyrir rétti, að þeir hafi fengið að fullu greitt það, sem þeim bar samkvæmt verksamningi sínum við eiganda skólahússins, þar á meðal fyrir framlög þau og verk, sem áfrýjandi innti af höndum aukalega. Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hefir eitt vitni borið það, að stefndur Guðmundur Vigfússon hafi beðið áfrýjanda um oftnefnd aukaframlög og aukaverk, og samþykkt þau jafnóðum. Með tilliti til þess, að það var skylda hinna stefndu að leggja til vinnu þá og efni, sem hér um ræðir, þá þykir framburður vitnis þessa næg sönnun þess, að áfrýjandi hafi tekizt á hendur eftir tilmælum hinna stefndu að vinna aukavinnu þessa og leggja til efnið. Ber hinum stefndu því þegar af þeirri ástæðu að greiða aukaframlög og aukaverk þessi samkvæmt framlögðum reikningum áfrýjanda, enda hafa stefndu ekki mótmælt því, að upphæð þeirra væri rétt.

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða dómi, var stefndu heimilt að draga frá verkkaupi áfrýjanda kr. 137.65. Ber að draga þá upphæð frá framangreindri kröfu, kr. 562.95, og verða þá eftir ógreiddar kr. 425.30, og er varakrafa áfrýjanda, að honum verði dæmd sú fjárhæð. Ber samkvæmt framansögðu að taka varakröfu þessa til greina með vöxtum eins og krafizt er. Svo ber og stefndu eftir þessari niðurstöðu að greiða áfrýjanda in solidum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 400.00.

Dráttur á máli þessu hér fyrir dómi stafar af sáttaumleitunum, er aðiljar hafa reynt sín á milli eftir útgáfu hæstaréttarstefnunnar.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Guðmundur Vigfússon og Kjartan Ólafsson, greiði in solidum áfrýjanda, Ísleifi Jónssyni, kr. 425.30 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1934 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bærjþings Reykjavíkur 22. ágúst 1935.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bærjþinginu með stefnu útgefinni 7. júní f. á. af Ísleifi Jónssyni kaupmanni, hér í bæ, gegn Guðmundi Vigfússyni trésmið, Njálsgötu 51 B, og Kjartani Ólafssyni múrara, Njarðargötu 47, báðum hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum að upphæð kr. 562.95 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 11. maí f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi þannig til komna, að hann hafi sumarið 1929 tekið að sér í ákvæðisvinnu að leggja miðstöð og hreinlætistæki í skólahúsið á Brúarlandi í Mosfellssveit, er stefndir hafi þá haft í smíðum. Hafi verk þetta verið unnið eftir útboðslýsingu og vinnuteikningu Benedikts Gröndals verkfræðings og samkvæmt tilboði sínu dags. 19. ág. 1929. Verkkaupið hafi verið ákveðið kr. 4575.00, en auk þess, sem fallið hafi undir verksamninginn, kveðst stefnandi hafa látið stefndum í té efni og vinnu fyrir kr. 487.95. Stefndir hafi aðeins greitt kr. 4500.00, og þar sem þeir hafi verið ófáanlegir til þess að greiða meira, sé mál þetta höfðað til greiðslu eftirstöðvanna.

Stefndir hafa mótmælt eindregið framangreindum kröfum stefnanda og krafizt algerðrar sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum.

Í málinu er það upplýst, að stefnandi lagði ekki til eldhúsofn, sem innifalinn var í útboðinu, og lét í té ódýrari vask en þar var áskilinn. Nam andvirði ofnsins og verðmis-munurinn á hinum áskilda og uppsetta vask kr. 137.65.

Stefnandi hefir eigi að siður reiknað stefndum verkið með fullu ákvæðisverði, en það verður að fallast á það hjá þeim, að þeir eigi heimingu á, að upphæðin komi til frádráttar á verkkaupinu, og lækkar það þá niður í kr. 4437.65. Hinsvegar hafa stefndir viðurkennt, að stefnandi hafi greitt rúmar 60 krónur fyrir flutning á mönnum og efni til skólans, en þá flutninga áttu þeir að annast. Frekar en tvær framangreindar upphæðir telja stefndir sér ekki hafa verið skylt að greiða stefnanda, og séu því algerlega skuldlausir við hann.

Stefnandi hefir sundurliðað nákvæmlega undir rekstri málsins allt það (efni og vinnu), sem hann telur sig hafa látið stefndum í té fram yfir það, sem þeir samkvæmt framansögðu hafa talið sér skylt að greiða, en stefndir hafa mótmælt sérstaklega hverjum einstökum lið sem sér óviðkomandi. Byggja stefndir mótmælin á því meðal annars, að þeim hafi ekki borið að vinna verk þau og leggja til það efni, sem ágreiningurinn í máli þessu snýst um, að þeir hafi ekki beðið stefnanda að vinna verk þessi og að hann í raun og veru hafi alls ekki unnið þau. Gegn þessum eindregnu mótmælum stefndra hefir stefnandi ekki fært sönnur á neitt framangreindra atriða, og ber því að taka sýknukröfu stefndra til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í málinu falli niður.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Guðmundur Vigfússon og Kjartan Ólafsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnandans, Ísleifs Jónssonar, í máli þessu, og falli málskostnaður í því niður.
